

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 337/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Suðurlandi.

Samkvæmt samþykkt aðildarsveitarfélaganna á Suðurlandi er gerð breyting á 7. grein gjaldskrárinnar og hljóðar hún nú á eftirfarandi hátt:

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimukostnaðar.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Selfossi, 1. apríl 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurlands,
Elsa Ingjalddóttir framkvæmdastjóri.